

# Framleiðnisjóður landbúnaðarins

---

Ársskýrsla  
2006

---

## Ársskýrsla Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Texti og umsjón með ársskýrslu: Bjarni Guðmundsson  
Ársreikningar og umsjón með þeim: Jón G. Guðbjörnsson  
Samantekt taflna: Þórhildur Þorsteinsdóttir

Forsíða: *Heim úr haga*  
Ljósmyndari: Áskell Þórisson

Prentun: Leturprent, Síðumúla 22, R.

# 1. Inngangur

Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 með síðari breytingum. Hlutverk sjóðsins er að „*veita styrki og lán til framleiðnaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum.*“ Landbúnaðarráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórni til fjögurra ára í senn og jafnmarga til vara. Skulu tveir menn tilnefndir af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands og einn af ráðherra byggðamála, nú iðnaðarráðherra. Stjórn Framleiðnisjóðs tekur ákvarðanir um veitingu styrkja og lána úr sjóðnum á grundvelli umsókna er honum berast. Stjórn Framleiðnisjóðs annast einnig málefni Garðávaxtasjóðs samkvæmt sérstakri reglugerð er um hann gildir.

Tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins hafa einkum verið tvenns konar: Annars vegar starfsfé í samræmi við samning sem landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, og Bændasamtök Íslands gera samkvæmt búnaðarlögum nr. 70/1998. Hins vegar eru það eftirstöðvar tekna fóðursjóðs, sem er andvirði tolla af innfluttu fóðri og hráefnum í það, eftir greiðslur samkvæmt ákvæðum 31. og 33. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum. Skulu eftirstöðvarnar renna í Framleiðnisjóð landbúnaðarins, er „*skal, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherra, ráðstafa umræddu fé sem lánum eða framlögum til eflingar nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og til stuðnings við búgreinar og breytingar búskaparháttá á lögþylum.*“ Á miðju ári 2006 fell þessi tekjustofn Framleiðnisjóðs niður í kjölfar breytinga á innheimtu fóðurtollanna. Aðrar tekjur Framleiðnisjóðs eru vaxta- og umsýslutekjur.

# 2. Stjórn og starfsmenn

Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sitja:

Bjarni Guðmundsson, Hvanneyri, formaður, tilnefndur af landb.ráðherra  
Kjartan Ólafsson, Hlöðutúni, Árn., tilnefndur af landb.ráðherra  
Gunnar Sæmundsson, Hrútatungu, V.-Hún., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands  
Sveinn Ingvarsson, Reykjahlíð, Árn., tilnefndur af Bændasamtökum Íslands, og  
Elín Aradóttir, Hlíðarlundi 2, Akureyri, tilnefnd af iðnaðarráðherra.

Varamenn í stjórn Framleiðnisjóðs eru skipaðir í sömu röð tilnefningar:

Páll Stefánsson, Stuðlum, Árn.  
Benjamín Baldursson, Ytri Tjörnum, Eyj.  
Haraldur Benediktsson, Vestra-Reyni, Borg.  
Sigríður Bragadóttir, Síreksstöðum, N.-Múl. og  
Halldóra Jónsdóttir, Grímshúsum, S.-Þing.

Framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er Jón G. Guðbjörnsson. Fulltrúi á skrifstofu var Sif Ólafsdóttir. Hún létt af störfum 31. júlí. Þórhildur Þorsteinsdóttir tók við starfinu 15. september í 80% starfshlutfalli. Stjórnarformaður annast einnig nokkur verkefni vegna framkvæmdastjórnar. Framleiðnisjóður leigir húsnæði til starfsemi sinnar í skrifstofubyggingu Borgarlands ehf við Hvanneyrargötu 3 á Hvanneyri. Ríkisendurskoðun endurskoðaði ársreikning sjóðsins 2006 svo og ársreikning Garðávaxtasjóðs.

## 3. Starf Framleiðnisjóðs 2006

Stjórn Framleiðnisjóðs hélt 13 formlega fundi á árinu 2006. Stjórn sjóðsins og framkvæmdastjóri fóru kynnisferð um Húnavatnssýslur í september, og heimsóttu marga aðila sem átt hafa eða eiga samskipti við sjóðinn. Auk þess fóru stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sérstakar ferðir, m.a. um Suðurland, Snæfellsnes og Norðurland til þess að ræða við einstaklinga og forráðamenn samtaka og fyrirtækja sem ýmist höfðu sótt um eða þegar fengið framlög til atvinnuuppbryggings og þróunarverkefna. Gáfust um leið tækifæri til að líta á framkvæmdir og meta aðstæður. Ótaldir eru þá fjölmargir aðrir fundir með einstaklingum og fulltrúum stofnana og samtaka sem óskað höfðu liðsinnis Framleiðnisjóðs eða áttu við hann önnur erindi.

Stjórnir Framleiðnisjóðs og Bændasamtaka Íslands héldu samráðsfund í Reykjavík þann 20. september þar sem farið var yfir sameiginleg viðfangsefni. Stefnt er að því að gera slíkan fund að árlegri reglu. Um árabil hefur það verið venja að gera sérstaka grein fyrir starfi Framleiðnisjóðs á Búnaðarþingi og leggja þar fram ársskýrslu hans fyrir næstliðið ár.

Á heimasíðu Framleiðnisjóðs ([www.fl.is](http://www.fl.is)) er að finna upplýsingar um sjóðinn og starfsemi hans, fréttir og tilkynningar svo og umsóknareyðublöð. Ársskýrslur sjóðsins 1998-2005 eru á heimasíðu hans. Þær voru einnig gefnar út prentaðar en í mjög takmörkuðu upplagi.

## 4. Starfsreglur Framleiðnisjóðs 2006

Stjórn Framleiðnisjóðs setti sér í upphafi ársins 2006 starfsreglur fyrir árið og bar þær undir landbúnaðarráðherra lögum samkvæmt. Starfsreglurnar mótuðu meginstefnu um ráðstöfun fjármuna úr sjóðnum á árinu:

*Framleiðnisjóður landbúnaðarins styður með styrkjum og lánum verkefni til nýsköpunar og framleiðnaukningar í landbúnaði og við aðra efingu atvinnu í dreifsbýli, sbr. lög nr. 89/1966.*

*Framleiðnisjóður leggur áherslu á að fjármagn sjóðsins verði til viðbótar framlögum frá ábyrgðaraðilum verkefnanna, bæði eigin fjár og því sem þeir kunna að afla frá öðrum.*

*Framleiðnisjóður leggur áherslu á að verkefni feli í sér raunverulega nýsköpun í landbúnaði, auki ffölbreytni hans og séu líkleg til þess að skila arði.*

*Með hliðsjón af þessu býður Framleiðnisjóður á árinu 2006 fram stuðning við vel undirbúin verkefni innan eftirtalinna flokka:*

- a. hagnýt rannsókna- og þróunarverkefni á vegum stofnana, búgreina og einstaklinga*
- b. nýsköpun atvinnu á bújörðum, hópverkefni bænda og fyrirtæki í dreifsbýli*
- c. endurmenntun og þekkingarauka í landbúnaði*
- d. markaðsöflun fyrir afurðir landbúnaðar.*

*Framleiðnisjóður hefur tekið við því hlutverki sem Smáverkefnasjóður sinnti áður. Framleiðnisjóður hvetur jafnt konur sem karla til að senda umsóknir um fýsileg verkefni til sjóðsins. Framleiðnisjóður vill stuðla að virku samstarfi við aðrar stofnanir sem styðja þróun og nýsköpun í sveitum landsins.*

Þá mótaði stjórn Framleiðnisjóðs á árinu innri starfsreglur um verklag við meðferð og mat umsókna á grundvelli verklags undanfarinna ára.

## **5. Fjármunir og ráðstöfun þeirra 2006**

Á árinu 2006 voru tekjur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins alls 208,7 mkr. Þar af nam framlag ríkis skv. fjárlögum 160,0 mkr. Fjármunatekjur námu 23,7 mkr. Eftirstöðvar fóðursjóðs, er til Framleiðnisjóðs runnu, námu 25,0 mkr. Samþykkt framlög úr Framleiðnisjóði og samningsbundnar greiðslur námu 186 mkr. Á árinu 2006 nam rekstrarkostnaður Framleiðnisjóðs, að teknu tilliti til hlutdeilda umsjárverkefna (sbr. rekstrarreikning), alls 19,7 mkr. samanborið við 18,7 mkr. árið 2005. Sjóðurinn er gerður upp með 3,7 mkr. afgangi samanborið við 1,5 mkr. tekjuafgang árið á undan.

Eignir Framleiðnisjóðs í árslok 2006 námu 219,1 mkr.; þar af voru 191,9 mkr. innistæður í lánastofnunum en á móti koma óhafin framlög (loforð um styrki) sem nema 172,0 mkr. Útlán eru 12,5 mkr. að frádregnum afskriftasjóði. Eigið fé Framleiðnisjóðs var 47,1 mkr. í árslok 2006.

Um fjárhag Framleiðnisjóðsins er að öðru leyti vísað til ársreiknings hans sem fylgir þessari skýrslu og skýringa við hann. Ársreikningur Framleiðnisjóðs er gerður upp á rekstrargrunni.

## **6. Umsóknir og erindi 2006**

Á árinu 2006 tók stjórn Framleiðnisjóðs alls fyrir 179 erindi. Af þeim voru 44 umsóknir vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 135 töldust til almennra umbótaverkefna á sviði landbúnaðar og erindi sem ekki voru umsóknir um fjárstuðning.

Á árinu 2006 afgreiddi stjórn Framleiðnisjóðs 134 erindi með fyrirheiti um fjárstuðning, færri en árið á undan (160). Af þeim voru 45 vegna atvinnueflingar og nýsköpunar á bújörðum en 89 almenn verkefni, þar af nokkur í fleiri en einum lið. Hafnað var eða vísað frá 7 erindum úr fyrri

floknum. Úr síðari floknum var 32 erindum hafnað eða þau utan starfssviðs sjóðsins. Nokkur erindi fólu ekki í sér beiðni um fjárstuðning eða voru dregin til baka. Þá voru fáein erindi í vinnslu hjá sjóðnum um áramót.

## 7. Helstu verkefni sem stuðnings nutu

Hér verður getið helstu viðfangsefna sem Framleiðnisjóður samþykkti stuðning við á árinu 2006. Skrár um einstaka styrki, sem sjóðurinn samþykkti að veita einstaklingum, stofnunum og samtökum, er að finna í 2.-4. töflu hér á eftir. Einnig er vísað til ársreiknings sjóðsins og skýringa með honum.

### a) *Hagræðingar- og framleiðniverkefni*

**Þróunarverkefni búgreina.** Stjórn Framleiðnisjóðs ráðstafaði fjármunum til hagræðingarverkefna í einstökum búgreinum eftir nánari skiptingu á milli þeirra. Sem fyrr skyldu samtök búgreinanna (fragrát) gera tillögur um ráðstöfun fjárins og/eða gefa umsagnir um umsóknir í þetta fé. Á árinu 2006 voru 50 millj. kr. áætlaðar til þessara verkefna. Tvennt réði skiptingu fjárins á milli búgreina: hlutur þeirra í verðmæti búvöruframleiðslunnar annars vegar, þ.e. grundvöllur búnaðargjalds (32%), og áætlaður hlutur búgreinanna í greiðslu tolla af innfluttu kjarnfóðri hins vegar (50%). Þá var gert ráð fyrir 1,0 mkr. grunnframlagi til hvarrar búgreinar (18%).

Á miðju ári 2006 gerðu stjórnvöld hins vegar breytingu á innheimtu fóðurtolla, eins og Búnaðarþing ársins hafði ályktað um, þannig að niður féllu frá þeim tíma tekjur Framleiðnisjóðs af þeim. Þrátt fyrir það kaus sjóðsstjórn að fylgja óbreyttri starfsáætlun. Liðlega 46 mkr. var varið til búgreinaverkefna. Flest voru það kynbóta- og rannsóknaverkefni í þágu einstakra búgreina, þar sem sjóðsstjórn byggði afgreiðslu sína á umsögnum fragrát/stjórn búgreinannna. Stærstu styrkirnir voru vegna innflutnings og ræktunar erfðaefnis svína- og hænsnaræktar, auk sérstaks rannsóknaverkefnis sem á árinu hófst og er leit að orsökum kálfadauða. Það er fjölþætt samvinnuverkefni margra aðila sem fragrát nautgriparæktar mælti einhuga með.

**Önnur rannsókna- og þróunarverkefni** hefur Framleiðnisjóður einnig styrkt í töluberðum mæli. Spurn eftir þeim verður sífellt fjölbreytilegri að efni. Stærstu verkefnin í þessum flokki á árinu 2006 hvað fjárupphæðir snertir voru vegna fóðurræktarrannsókna Landbúnaðarháskóla Íslands og til rannsókna Matra á unnum kjötvörum að ógleymdri rannsókn á sumarexemi í hrossum sem Tilraunastöðin á Keldum er ábyrg fyrir og nálgast nú áfangaskil. Önnur rannsókna- og þróunarverkefni, öll smærri, voru af mjög fjölbreyttum toga, svo sem nánar má lesa um í 2. töflu hér á eftir, svo og í 16. lið skýringa með ársreikningi.

**Samfjármögnun verkefna með Rannsóknamiðstöð Íslands.** Framhald var á samstarfi Framleiðnisjóðs og Rannsóknasjóðs um fjármögnun rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar sem staðið hefur allt frá árinu 1992. Til samstarfsins samþykkti Framleiðnisjóður samtals 9 mkr. á árinu 2006, á móti riflega 11,6 mkr. frá Rannís. Verkefnin voru alls sjö. Skrá

um þau er í 5. töflu. Til viðbótar kom síðar á árinu samvinnuverkefni innan viðfangsefnisins SAFEFOODERA sem Framleiðnisjóður studdi en með því var bryddað upp á nýum fjármögnumunarháttum innan valinna rannsóknasviða.

### **b) Nýsköpun og efling atvinnu á bújörðum**

Á árinu 2006 miðaðist stuðningur Framleiðnisjóðs við nýsköpun og eflingu atvinnu á bújörðum við 30% áætlaðs kostnaðar, allt að 2 mkr. á býli. Viðbótarframlög, allt að 1 mkr., voru þó veitt vegna framkvæmda sem talin voru geta skapað tvö ársverk eða fleiri. Samtals námu framlögin 66,5 mkr. sem er meira en árið á undan. Þó er um enn fleiri verkefni á vegum bænda að ræða, eins og sjá má í 2. töflu (B2); verkefni sem fleiri aðilar eiga hlut að eða varða óstaðbundna starfsemi en fela þó í sér áhugaverða nýsköpun. Nefna má tímabundið framlag Framleiðnisjóðs til kornþurrkunarstöðva ásamt BÍ, framlag til sunnlenskra skógarbænda vegna kaupa á skógarvél í þróunarskyni og framlag til samtaka loðdýrabænda vegna umbóta á ræktunarbúi þeirra. Krafist var mótfamlaga styrkþega.

Samþykkt erindi, er snerta atvinnueflingu og nýsköpun á einstökum bújörðum, skiptast eftir landshlutum og viðfangsefnum eins og 1. tafla sýnir:

#### **1. tafla.** Samþykkt framlög til nýsköpunar og eflingar atvinnu á bújörðum 2006

Landshlut	Ferða- búskapur	Búfj. og jarðrækt	Iðn- aður	Þjón- usta	Ýmis- legt	Alls
Vesturland	4	3	-	-	1	8
Vestfirðir	-	-	-	-	-	-
Norðurland v.	1	6	-	1	-	8
Norðurland ey.	7	1	1	2	-	11
Austurland	1	1	2	-	-	4
Suðurland	6	4	1	1	1	13
Reykjanes	-	-	-	-	1	1
<b>SAMTALS</b>	<b>19</b>	<b>15</b>	<b>4</b>	<b>4</b>	<b>3</b>	<b>45</b>

**Ferðabúskapur** í einni eða annarri mynd er sú grein sem mest fór fyrir í umsóknum til atvinnusköpunar á bændabýlum. Rílega 40% samþykktar verkefna í þessum flokki taldist til ferðabjónustu í sveitum en tæp 30% sé miðað við upphædir samþykktar framlaga. Flest vörðuðu verkefnin gisti- og veitingaaðstöðu en tekjusköpun með afþreyingu fyrir ferðamenn, ekki síst hestatengdri, vakti þó fyrir nokkrum styrkþegum.

**Smáverkefnasjóður** var lagður niður frá og með árinu 2006 og verkefni hans færð til Framleiðnisjóðs. Einar sex umsóknir hlutu brautargengi vegna verkefna sem áður hefðu fallið undir Smáverkefnasjóð. Árni Jósteinsson verkefnisstjóri *Sóknarfæra til sveita* hjá BÍ annaðist áður umsjá Smáverkefnasjóðs. Hann veitti umsækjendum á þessu sviði áfram þjónustu sem og öðrum frumkvöldum er þess óskuðu. Á árinu 2006 lagði Framleiðnisjóður fram nær því 2,2 mkr. til að greiða vinnu Árna að verkefninu á móti Bændasamtökunum. Verkefninu lauk með árinu 2006.

**Samstarf við Impru nýsköpunarmiðstöð** var formgert á árinu. Undir árslokin gerðu Framleiðnisjóður og Impra með sér samkomulag um átak til atvinnusköpunar. Markmið samkomulagsins hvað FL snerti var að auka fjölbreytni þeirrar atvinnusköpunar sem FL veitir fjármunum til og þar með fjölbreytni atvinnustarfsemi í sveitum. Verkefnið fékk vinnuheitið *Vaxtarsprotar*. Til reksturs samstarfsverkefnisins samþykkti FL að sínum hluta að leggja 2,825 mkr. Mun verkefnið hefjast með árinu 2007 undir stjórn Elínar Aradóttur, stjórnarmanns FL, sem orðinn er starfsmaður Impru nýsköpunarmiðstöðvar. Jón G. Guðbjörnsson er fulltrúi FL í stjórn verkefnisins. Áhersla er lögð á að hafa samvinnu við leiðbeiningaþjónustu bænda og atvinnuþróunarfélög um framkvæmd þess.

**c) Endurmenntun – námsstyrkir**

Framleiðnisjóður hafði frumkvædi að því að komið yrði á fót starfsmenntasjóði hjá Bændasamtökum Íslands til þess að styðja starfandi bændur er vildu afla sér endur- og starfsmenntunar. Komst sú skipan á með skólaárinu 2006-2007. Framleiðnisjóður lagði 7,5 mkr. til verkefnisins en stjórn Bændasamtakanna setti starfsmenntasjóði starfsreglur með samráði við stjórn Framleiðnisjóðs. Gert er ráð fyrir að fulltrúar FL og BÍ meti reynslu skólaársins áður en lengra verður haldið. Áréttar skal að með breytinguna ber síst að túlka sem lát á áralöngum stuðningi FL við endurmenntun í landbúnaði heldur sem leið til þess að gera stuðninginn skilvirkari og líkari því að formi sem gerist hjá öðrum starfsstéttum.

Á árinu 2006 voru samþykktir námsstyrkir til níu nemenda í MS-námi í búvísindum. Þá voru veittir fjórir styrkir til starfandi bænda vegna umfangsmeiri endurmenntunar (a.m.k. 15 námsvikur). Að þessu sinni sótti hins vegar enginn starfsmaður landbúnaðarins um ferða- og endurmenntunarstyrk.

**d) Markaðsöflun**

Á árinu 2006 samþykkti Framleiðnisjóður framlög til markaðsverkefna að upphæð 22 mkr. Stærsta framlagið var vegna markaðsátaks fyrir bleikjuafurðir í samvinnu við ríki og AVS-sjóðinn – 5 mkr. Vegna mikillar framleiðsluaukningar á bleikju innanlands var talið brýnt að efla markaðssókn til muna. Lokaframlag, 3,4 mkr. var veitt verkefninu *Handverk og hönnun* sem lagt var niður í árslok en það hefur lotið ábyrgð forsætisráðuneytisins. Af öðrum stærri verkefnum má nefna að Framleiðnisjóður lagði Bændasamtökum Íslands sem fyrr lið vegna sveitaheimsókna barna og skólaverkefnis samtakanna. Sem nokkurt nýmæli lagði sjóðurinn fram fé til þróunar svokallaðra bændamarkaða: ber að skilja það hugtak sem markaði fyrir afurðir bænda, svo og fé til þess að styrkja samhæft markaðsstarf klasafyrirtækja í ferðaþjónustu í dreifþýli. Má þar nefna samtök undir hinum sérstæðu heitum *All Sensis Awoken group* á Vesturlandi og *Hekla „a la carte“* á Suðurlandi.

**e) Stuðningur við annan atvinnurekstur**

Á árinu 2006 lagði Framleiðnisjóður fé til annars atvinnureksturs á landsbyggðinni en getið er í b-lið. Sem fyrr bar helst á umsókum til setra og sýninga er flokka má undir menningartengda ferðaþjónustu, t.d. Grettistak ses í Miðfirði og Selasetur Íslands við sama fjörð. Eru það merki um mikinn áhuga á þeirri grein ferðabúskapar þessi misserin og liður í að auka möguleika á afþreyingu fyrir þá sem um héruðin ferðast.

### **f) Garðávaxtasjóður**

Hlutverk Garðávaxtasjóðs, sem er í vörsu Framleiðnisjóðs, er að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vörupróun á þessu sviði, sbr. reglugerð nr. 180/1992. Stjórn Framleiðnisjóðs annast úthlutun fjár úr sjóðnum. Eignir Garðávaxtasjóðs í árslok 2006 voru 57,3 mkr. Úthlutun úr sjóðnum nam 2,2 mkr. til fastaverkefnis Landbúnaðarháskóla Íslands og Landbúnaðarstofnunar sem tekið hefur við hlutverki Útsæðisnefndar, sbr. lög nr. 80/2005. Verkefnið varðar viðhald heilbrigðra kartöflustofna. Þar sem fjárbörf verkefnisins var meiri en nam árstekjum Garðávaxtasjóðs (vöxtum af höfuðstól) var mismuninum eins og á síðasta ári mætt með viðbótarframlagi úr Framleiðnisjóði. Um fjárhag Garðávaxtasjóðs er vísað til ársreiknings sjóðsins sem fylgir þessari ársskýrslu.

## **8. Framleiðnisjóður – 40 ára starf**

Í árslok 2006 hafði Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfað í rétt 40 ár. Vafasamt er að í öndverðu hafi verið gert ráð fyrir svo langri starfsævi sjóðsins. Í öllum þeim breytingum sem landbúnaðurinn hefur gengið í gegnum á tímabilinu 1966-2006 hefur Framleiðnisjóður sinnt ýmsum hlutverkum og að sínu leyti átt veigamikinn þátt í breytingunum. Fyrstu árin kom fjármagn sjóðsins einkum við sögu umbóta á sviði afurðastöðva, tankvæðingar mjólkurflutninga svo og rannsókna á húsvist búfjár og heyverku.

Árið 1979 var tekið að skerða jarðræktarframlög en beina fé er skerðingunni næmi til nýrra verkefna í sveitum og nýjunga í búrekstri í gegnum Framleiðnisjóð. Fjölbreytni verkefna sjóðsins óx en loðdýraræktin kom þó hvað mest við sögu.

Með búvorulögum 1985 var sjóðnum ætlað verulegt fjármagn til búháttabreytinga og atvinnunýsköpunar í sveitum. Hófst þá m.a. mikil uppbygging nýgreina svo sem loðdýraræktar, fiskeldis og ferðabúskapar, auk þess sem sjóðnum var gert kleift að styðja við fjölmörg rannsókna- og þróunarverkefni í þágu landbúnaðarins, og leggja lið starfs- og endurmenntun bændafólks.

Segja má að á árinu 2006 hafi tvennt einkum verið gert til þess að marka 40 ára afmæli Framleiðnisjóðs. Annars vegar var það ákvörðunin um samstarfsverkefnið *Vaxtarsprota* með Impru nýsköpunarmiðstöð, sbr. kafla 7b. Það var samþykkt á stjórnarfundi 19. desember en þann dag stóð svo á að rétt 40 ár voru liðin frá fyrsta stjórnarfundi FL. Var það 412. fundur stjórnar FL frá upphafi. Hins vegar var samþykkt að bjóða tvo styrki til rannsókna og greiningar innan eftortalinna sviða:

- a) *Frá haga til maga*: Notkun landsins til framleiðslu vegna frumþarfa/vöru og þjónustu  
– staða, skipulag og möguleikar í innlendu og erlendu markaðsumhverfi næstu ára.
- b) *Fjölpættur landbúnaður*: Atvinnugrundvöllur dreifbýlis – faglegar, hagrænar og félagslegar forsendur til þess að efla hann á næstu árum.

Hvor styrkur skyldi nema allt að 5,0 mkr. á ári í tvö ár en verkum mætti skipta á þrjú ár með vel skilgreindum áföngum. Styrkirnir voru auglýstir í árslok og er gert ráð fyrir úthlutun þeirra í febrúar 2007.

Fjörutíu ára saga Framleiðnisjóðs landbúnaðarins hefur ekki verið skráð sérstaklega. Af viðfangsefnista sjóðsins má þó sjá að kafla hennar er að finna í nær öllum sveitum landsins. Sum viðfangsefnin eru horfin saga, náðu jafnvel aldrei að spíra og dafna. Önnur og sennilega mun fleiri standa enn sem glæsileg dæmi um nýsköpun og áræði dugandi fólks er byggði upp lífvænleg fyrirtæki: Mest, að sönnu, með eigin aflí og áhaettu en naut mikilvægs stuðnings Framleiðnisjóðs. Margir þeirra hafa nefnt að stuðningur sjóðsins hafi riðið baggamuninn – til dæmis valdið því að í framtakið var ráðist. Sagan sýnir líka að Framleiðnisjóði hefur á starfstímanum verið treyst fyrir mikilvægum verkefnum og umtalsverðum fjármunum, nú síðari árin í sérstökum samningum bænda og ríkisvaldsins. Það traust er mikilvægt því Framleiðnisjóður hefur stóru hlutverki að gegna á þeirri breytingatíð sem nú er orðin sístætt einkenni samtímans.

Besta afmælisgjöf Framleiðnisjóðs fertugs er að geta áfram stutt nýsköpun til vaxtar í landbúnaði og umbreytingar að þörf tímanna en þó með sýn á hið sígilda hlutverk landbúnaðarins – *að nýta landið þjóð til heilla en því til sjálfbærис*.

Stjórн og starfsmenn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins þakka öllum þeim, er í hlut eiga, gagn- og ánægjuleg samskipti á árinu 2006. Einnig er þeim fjölmörgu þakkað sem annast hafa Framleiðnisjóð fyrr á árum og átt við hann margvísleg viðskipti. Þeim er tilvera sjóðsins í dag ekki síst að þakka.



*Framleiðnisjóður hefur stutt fjölmög verkefni er snerta ferðabjónustu til sveita, m.a. handverk. Myndin sýnir Leirhús Grétu að Litla-Ósi í Miðfirði (ljósm.: Jón G. Guðbjörnsson).*

**2. tafla.** Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til almennra hagræðingarverkefna á árinu 2006. Framlögin eru flokkuð eftir viðfangsefnum. Upphæðir eru í krónum.

Nafn ábyrgðaraðila	Fl Verkefni	Upphæð
<b>Þróunarverkefni búgreina:</b>		
Landbúnaðarstofnun	A1 Meingerð legrörnunar í hryssum	750.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1 Aferli hrossa í misstórum stíum	300.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1 Gólfhit, áhrif á húsvist hrossa	350.000
Samband Ísl. loðdyrabænda	A1 Innflutningur minkahögna frá Danmörku	3.300.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1 Orsakir kálfadauða í íslenskum kúastofni	11.200.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1 Áhrif geldstöðufóðrunar til hámarksafurða	1.800.000
Landbúnaðarstofnun	A1 Orsakir og eðli veiruskitu í kúm	2.550.000
Landssamtök sauðfjárbænda	A1 Afkvæmarannsóknir á hrútum	2.000.000
Bændasamtök Íslands	A1 Handtölvulausn í sauðfjárrækt	500.000
Svínaræktarfélag Íslands	A1 Innflutningur kynbótadýra og kjötmat	12.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A1 Heilbrigði kartöfluútsæðis	1.500.000
Stofnungi sf.	A1 Endurbætur uppeldisaðstöðu	10.000.000
		<b>46.250.000</b>
<b>Önnur þróunarverkefni:</b>		
Guðmundur Örn Jansson	A2 Pressubúnaður fyrir sláturúrgang	750.000
Skógrækt ríkisins, rannsóknarstöð	A2 Búum til betri tré	600.000
Menningarmiðstöð Hornafjarðar	A2 Rannsókn á vetrarríki Vatnajökuls	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Efna og örverugreining á votfóðri	1.300.000
Tilraunastöð HÍ í meinafræði	A2 Sumarexem í íslenskum hestum	7.500.000
Veiðimálastofnun	A2 Veiðitími lax úr gönguseiðasleppingum	1.000.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2 Aukin verðmæti úr íslensku byggi	1.500.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Skiptibeit með hross og sauðfé	450.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Landbúnaðartengd ferðaþjónusta	400.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Ræktun og ræktunarkerfi	9.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Niturbúskapur hvítsmáratúna	650.000
Landssamband veiðifélaga	A2 Verðmætasköpun með stangveiði	300.000
Bændasamtök Íslands	A2 Sóknarfæri til sveita	2.160.000
Bændasamtök Íslands	A2 Landupplýsingakerfi	1.250.000
Háskólasetið Hveragerði	A2 Kjarnoliur í heyi	300.000
Prokaria rannsóknir ehf.	A2 Þróun erfðagreiningarþjónustu	900.000
SagaMedica-Heilsujurtir	A2 Náttúruvörur	750.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	A2 Trjáplöntur, þáttur jarðv. og næringarefna	300.000
Matvælarannsóknir Keldnaholti	A2 Hollari tilbúnar kjötvörur	2.980.000
Impra Nýsköpunarmiðstöð	A2 Vaxtarsprotar, samstarfsverkefni Impru og FL	2.825.000
		<b>36.415.000</b>
<b>Samfjármögnun með Rannís:</b>		
Rannsóknamiðstöð Íslands	A3 Samfjármögnun rannsóknaverkefna árið 2006	8.955.000
Rannsóknamiðstöð Íslands	A3 SAFEFOODERA, matvælaöryggi	942.000
		<b>9.897.000</b>
<b>Verkefni á lögbýlum:</b>		
Nýsköpun og efling atvinnu	B1 sjá 3. töflu	<b>66.450.000</b>
<b>Ýmis verkefni á vegum bænda:</b>		
Samband Ísl. loðdyrabænda	B2 Endurnýjun minkabúra í Holtsmúlabúnu	1.800.000
Auður Höskuldsdóttir	B2 Hlunnindanýting í Grímsey	200.000
Hraundís Guðmundsdóttir	B2 Lífræn ræktun smyrslajurta	200.000
Jónína Bára Óskarsdóttir	B2 Myndinnrömmunaraðstaða	150.000
Bændasamtök Íslands	B2 Kornþurrkunarverkefni	4.000.000
Finnbogi Harðarson	B2 Hitaveita	400.000
Aðalbjörg Þorsteinsdóttir	B2 Jurtasmýrsl	300.000
Bændasamtök Íslands	B2 Skotveiðihlunnindi, hlunnindafélög	800.000

Félag skógarbænda á Suðurlandi	B2	Skógarhögg, grisjunarvél	2.000.000
Hannes Lárusson	B2	Íslenski bærinn. Kennslumiðstöð	1.500.000
Guðjón D.Guðmundsson	B2	Völuspá	250.000
Lækjargarður ehf.	B2	Ferðapjónustuparadís á Borðeyri	1.200.000
Handverkshópurinn Fléttan	B2	Bræðsluofn	300.000
			<b>13.100.000</b>

**Fyrirtæki á vegum bænda:**

Bruggsmiðjan ehf.	B3	Björframleiðsla, íslenkst bygg	500.000
Þórbergssetur ehf.	B3	Þórbergssýning/safn	1.000.000
Selasetur Íslands ehf.	B3	Selasýning, hlunnindasetur	1.000.000
Sóknarnefnd Þingeyraklausturs	B3	Þjónustuhús	1.000.000
Grettistak ses.	B3	Grettisból; skemmti- og afraunagarður	3.000.000
Búnaðarfélag Andakílshrepps	B3	Vélabær ehf, hlutafjáraukning	1.500.000
			<b>8.000.000</b>

**Endurmenntun og námskeið:**

Nautastöð Bændasamtaka Íslands	C	Frijtæknanámskeið	150.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	C	Norræn ráðstefna um jarðvegstdýralif	200.000
Bændasamtök Íslands	C	Félagsmálanámskeið	500.000
Jón Ottó Gunnarsson	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Hafdíð Sturlaugsdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Elin N. Grethardsdóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Valdimar Harðarsson	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Helgi Ibsen Heiðarsson	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Lárus Heiðarsson	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	500.000
Ingibjörg Sigurðardóttir	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Elisabeth Jansen	C	Framhaldsnám í búfræði	250.000
Matthías Sævar Lýðósson	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Bertha G. Kvaran	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Halla Sigríður Bjarnadóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Hulda Hrönn Sigurðardóttir	C	Starfsmenntunarstyrkur	150.000
Nýsköpunarsjóður námsmanna	C	Námsstyrkjafé	770.000
Bændasamtök Íslands	C	Starfsmenntasjóður bænda	7.500.000
Landssamband fiskeldisstöðva	C	Bleikjuráðstefna	100.000
Gunnar Einarsson	C	Fjárhundatamning; mynddiskur	500.000
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	C	Menntasmíðja kvenna á Vesturlandi	500.000
			<b>14.070.000</b>

**Markaðsmál:**

Búnaðarsamtök Vesturlands	D	Bændamarkaðir	1.000.000
Bændasamtök Íslands	D	Hollusta og hreinleiki matvæla	1.000.000
ÁFORM	D	Food and Fun	1.000.000
Landbúnaðarráðuneytið	D	Markaðsátak eldisbleikju	1.300.000
South Iceland ehf.	D	Hekla "a la carte"	1.000.000
Eyjafjarðarsveit	D	Handsverks- og uppskeruhátið 2006	300.000
ICEMAN-Íslandsmót ehf.	D	Matur 2006, sýning	500.000
All Sensis Awoken Group	D	Upplifðu allt á Vesturlandi	1.000.000
Matur-saga-menning	D	Matarsetur á Grandagarði	1.000.000
Bændasamtök Íslands	D	Skólaverkefni Dagur með bónda	2.000.000
Náttúran.is ehf.	D	Náttúran.is, markaðsvefur	1.500.000
Handverk og hönnun	D	Handverkssýningaverkefni	3.400.000
Landssamband fiskeldisstöðva	D	Markaðsátak fyrir bleikjuafurðir	5.000.000
Bændasamtök Íslands	D	Iceland Naturally 2006	950.000
Bændasamtök Íslands	D	Skólaverkefni Bí, vor 2007	1.300.000
			<b>22.250.000</b>

**216.432.000**

**Garðávaxtasjóður:**

Landbúnaðarháskóli Íslands	G	Heilbrigði kartöfluútsæðis	2.000.000
Landbúnaðarstofnun	G	Stofnrækt kartaflna, heilbrigðiseftirlit	230.000
			<b>2.230.000</b>

**3. tafla.** Skrá yfir framlög sem Framleiðnisjóður landbúnaðarins samþykkti til atvinnueflingar og þróunar á bújörðum 2006, sjá 7. kafla b hér að framan. Greiðsla framlaga ræðst af framvindu verkefnis. Upphæðir eru í krónum. Athugið að nöfn ábúenda/umsækjenda verkefnis geta verið fleiri en hér koma fram.

Nafn	Býli	Sýsla	Verkefni	Upphæð
Dalsgarður ehf.	Dalsgarður	Kjós.	Skurðarvél fyrir túlipana	600.000
Steinsnar ehf.	Fossatún	Borg.	Ferðaþjónusta	1.500.000
Jóhannes Kristleifsson	Sturlureykir 2	Borg.	Tamningaaðstaða	680.000
Sólveig Jóna Jóhannesdóttir	Móar	Borg.	Ferðaþjónusta	2.000.000
Brynya Brynjarsdóttir	Hraunsnef	Mýr.	Ferðaþjónusta	2.000.000
Póra Kópsdóttir	Ystu Garðar	Snæf.	Sauðamjaltir	50.000
Gunnar Tryggvason	Brimilsvellir	Snæf.	Hestatengd ferðaþjónusta	400.000
Gunnar Sturluson	Hrísdalur	Snæf.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Guðbjörg Björnsdóttir	Sælingsdalstunga	Dal.	Leirverkstæði	400.000
Indriði Karlsson	Grafarkot	V.-Hún.	Tamningaaðstaða	1.500.000
Elías Guðmundsson	Stóra-Ásgeirsá	V.-Hún.	Hestabúgarður	1.600.000
Guðrún Jóhannsdóttir	Tjarnarkot	V.-Hún.	Hunda- og kattahótel	1.700.000
Björn Björnsson	Ytri-Langamýri	A.-Hún.	Blóðtökuaðstaða	750.000
Vignir Sveinsson	Hafnir	A.-Hún.	Ferðaþjónusta	810.000
Hjálmar Guðjónsson	Tunguháls II	Skag.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Björn Sveinsson	Varmalækur	Skag.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Bergur Gunnarsson	Narfastaðir	Skag.	Reiðskemma	2.000.000
Ármann Rögnvaldsson	Syðri Hagi	Eyj.	Sauðamjaltir	210.000
Þverárgolf ehf	Þverá, Eyjafj.sveit	Eyj.	Orlofsbyggð	500.000
Snorri Snorrason	Krossar	Eyj.	Dýragarður	2.000.000
Ferðaþjónustan Bjargi ehf.	Bjarg	S.-þing.	Ferðaþjónusta	1.250.000
Svanhildur Sigtryggsdóttir	Engi, Bárðardal	S.-þing.	Ferðaþjónusta	600.000
Lundargolf ehf.	Lundur I	S.-þing.	Golfvöllur	2.000.000
Stóru-Laugar ehf.	Stóru-Laugar	S.-þing.	Ferðaþjónusta	2.000.000
Ólöf Þ. Hallgrímsdóttir	Vogar 1	S.-þing.	Heimavinnsla afurða ofl.	2.000.000
Elvar Daði Guðjónsson	Grímstunga 1	N.-þing.	Ferðaþjónusta	2.000.000
Sigurður Jens Sverrisson	Hvammur II	N.-þing.	Ferðaþjónusta	240.000
Mirjam Blekkenhorst	Ytra- Lón	N.-þing.	Farfuglaheimili og afþreying	1.000.000
Félagsbúið Refsstað ehf.	Refsstaður I-III	N.-Múl.	Smávirkjun	3.150.000
Örn K. Þorleifsson	Húsey I	S.-Múl.	Ferðaþjónusta	1.710.000
Guðmundur Valur Guðmundsson	Lindarbrekka II	S.-Múl.	Vinnsluaðst. f. lax og síld	2.000.000
Eybór Sigurðsson	Hof 2/Lækjahús	A.-Skaft.	Bleikjueldi	2.000.000
Sólveig Pálsdóttir	Prestbakkakot	V.-Skaft.	Handverksaðstaða	500.000
Litlaland ehf.	Litlaland	Rang.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Jakob Þórarinsson	Áskoti	Rang.	Sundþjálfun hesta	2.000.000
Heklusetrið ehf.	Leirubakki	Rang.	Ferðaþjónusta	2.000.000
Sigurður Jakob Jónsson	Varmahlíð	Rang.	Smá virkjun	500.000
Ólafur Einarsson	Torfastaðir	Árn.	Tamningaaðstaða	2.000.000
Björn Jónsson	Vorsabær II	Árn.	Tamningaaðstaða	1.350.000
Helgi Sveinbjörnsson	Launrétt I	Árn.	Dýragarðurinn Slakki	1.850.000
Knútur R. Ármann	Friðheimar	Árn.	Hestatengd ferðaþjónusta	2.000.000
Krúmýri ehf.	Krúmýri	Árn.	Hestatengd ferðaþjónusta	2.000.000
Hótel Gullfoss ehf.	Nýibær	Árn.	Skammtímavistun fatlaðra	2.000.000
Ormsstaðir ehf.	Ormsstaðir	Árn.	Fóðurgerðaraðstaða	2.000.000
Klettholt ehf.	Dalbær 2	Árn.	Ferðaþjónusta	<u>1.600.000</u>
				<b>66.450.000</b>

**4. tafla.** Framlög sem Rannsóknamiðstöð Íslands (RÍ) og Framleiðnisjóður landbúnaðarins (FL) samþykktu til rannsókna- og þróunarverkefna á sviði landbúnaðar á árinu 2006. Tölur í þúsundum króna.

Nafn ábyrgðarmanns	Stofnun	Verkefni	RÍ	FL
Kesera A. Jónsson	Líffr. HÍ	Erfðauppruni ísl. bjarkategunda	3.500	1.500
Kristín Svavarasdóttir	Landgr. ríkisins	Framvinda gróður á jökulsöndum	1.300	700
Valgerður Andrésdóttir	Tilraunast. Keldum	Varnir gegn veirusýkingum	1.000	1.000
Ólafur Arnalds	Lbhí	Þróun vistkerfa við landgræðslu	2.300	2.300
Guðmundur Halldórsson	Rannss. Skógr rík.	Útraen svepprót og næringarefnajafnvægi	1.155	1.155
Bjarnh.K.Guðmundsdóttir	Tilraunast. Keldum	Ónaemisvirkni sekretíns-bakteríu í fiskeldi	1.400	1.400
Guðmundur Halldórsson	Rannss. Skógr rík.	ÍSÖSP – erfðabreytileiki og frostþol aspar	<u>900</u>	<u>900</u>
			<b>11.555</b>	<b>8.955</b>



Á árinu 2006 hófst fjölpætt og umfangsmikið rannsóknaverkefni sem miðar að því að finna orsakir kálfadauða. Framleiðnisjóður lagði 11,2 mkr. til rannsóknarinnar.  
(ljósm.: Bændablaðið)

# **Framleiðnisjóður landbúnaðarins**

Ársreikningur 2006

## **Efnisyfirlit**

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	17
Áritun endurskoðenda	18
Rekstrarreikningur	19
Efnahagsreikningur	20-21
Sjóðstreymi	22
Skýringar	23-27

## Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um gerð ársreikninga lánastofnana.

Á árinu 2006 var tekjuafgangur af rekstri Framleiðnisjóðsins 3,7 millj. kr. Eignir samtals eru 219,1 millj. kr. í árslok. Skuldir samtals eru 172,0 millj. kr. og eigið fé 47,1 millj. kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnisjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2006 með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2007

í stjórn

Bjarni Guðmundsson,  
formaður.

Gunnar Sæmundsson.

Sveinn Ingvarsson.

Elín Aradóttir.

Kjartan Ólafsson.

Jón G. Guðjörnsson,  
framkvæmdastjóri.

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og staðfestingar stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn samþykktur.

Guðni Ágústsson,  
landbúnaðarráðherra.

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Framleiðnisjóðs landbúnaðarins

Við höfum endurskoðað ársreikning Framleiðnisjóðs landbúnaðarins fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 24. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.


Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006, efnahag hans 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun 22. febrúar 2007



Sigurður Pórðarson,  
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,  
endurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2006

	Skýr	2006	2005
<b>Framlög:</b>			
Fengin framlög:			
Framlag ríkissjóðs skv. búnaðarlagasamningi.....	12	160.000.000	185.000.000
Fóðurtollar.....		25.000.000	50.000.000
Endurgreidd framlög.....		800.000	0
<b>Fengin framlög</b>		<u>185.800.000</u>	<u>235.000.000</u>
Veitt framlög:			
Til markaðsverkefna skv. búnaðarlagasamningi.....	12	0	25.000.000
Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf.....	13	14.070.000	24.170.000
Samfjármögnun Rannís.....	14	9.897.000	12.400.000
Þróunarverkefni búgreina.....	15	46.250.000	44.472.000
Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni.....	16	36.415.000	47.560.000
Markaðsmál og vöruprórun.....	17	22.250.000	19.530.000
Afurðastöðvar og önnur fyrirtæki í dreifbýli.....	18	8.000.000	6.450.000
Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda.....	19	79.550.000	84.928.000
Fyrnd framlög.....	20	( 30.339.940 )	( 30.907.760 )
<b>Veitt framlög</b>		<u>186.092.060</u>	<u>233.602.240</u>
Fengin framlög umfram veitt		( 292.060 )	1.397.760
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur.....		23.659.895	18.855.343
Vaxtagjöld og verðbætur.....		( 904 )	
		<u>23.659.895</u>	<u>18.854.439</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	21	15.655.841	14.975.390
Annar rekstrarkostnaður.....	22	4.205.433	4.487.225
Hlutdeild annarra í rekstrarkostnaði.....	23	( 150.000 )	( 750.000 )
		<u>19.711.274</u>	<u>18.712.615</u>
<b>Tekjuafgangur ársins</b>		<u>3.656.561</u>	<u>1.539.584</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

### Eignir

Skýr 2006 2005

#### Sjóður og innstæður

Innistæður í lánastofnunum.....	8	<u>191.941.482</u>	<u>211.067.273</u>
---------------------------------	---	--------------------	--------------------

#### Útlán:

Útlán.....	6	29.498.200	30.631.048
Afskriftasjóður útlána.....	7	( 17.005.617 )	( 18.796.021 )
		<u>12.492.583</u>	<u>11.835.027</u>

#### Eignarhluti í félögum

Hlutabréf.....	24	10.000.000	10.000.000
----------------	----	------------	------------

#### Aðrar eignir

Skuldabréf.....		<u>4.710.797</u>	<u>5.510.030</u>
		<u>4.710.797</u>	<u>5.510.030</u>

#### Eignir alls

219.144.862 238.412.330

## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

### Skuldir og eigið fé

	Skýr	2006	2005
<b>Aðrar skuldir:</b>			
Óhafin framlög.....	10	156.818.525	161.939.202
Umsýslufé.....	11	14.485.086	32.370.572
Ýmsar skammtímaskuldir.....		718.834	636.700
<b>Skuldir</b>		<b>172.022.445</b>	<b>194.946.474</b>
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé.....	9	47.122.417	43.465.856
		<b>47.122.417</b>	<b>43.465.856</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>		<b>219.144.862</b>	<b>238.412.330</b>

## Sjóðstreymi árið 2006

Skýr                          2006                          2005

### **Handbært fé frá rekstri:**

Tekjuafgangur .....	3.656.561	1.539.584
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:		
Verðbætur af skuldabréfaeign.....	( 442.028 )	( 380.013 )
Veltufé frá rekstri	<u>3.214.533</u>	<u>1.159.571</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Aðrar eignir, (hækkun), lækkun.....	0	6.040.826
Aðrar skuldir, hækkun (lækkun).....	<u>( 22.924.029 )</u>	<u>34.883.016</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>( 22.924.029 )</u>	<u>40.923.842</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>( 19.709.496 )</u>	<u>42.083.413</u>

### **Fjárfestingarhreyfingar:**

Útlán.....	( 657.556 )	10.133.033
Skuldabréf.....	<u>1.241.261</u>	<u>1.217.447</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b><u>583.705</u></b>	<b><u>11.350.480</u></b>
 <b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....</b>	 <b>( 19.125.791 )</b>	 <b>53.433.893</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	<b><u>211.067.273</u></b>	<b><u>157.633.380</u></b>
<b>Handbært fé í lok ársins</b>	<b><u>191.941.482</u></b>	<b><u>211.067.273</u></b>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

- Ársreikningur Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Útlán

- Útlán eru færð til eignar með áföllnum vöxtum í árslok.
- Afskriftasjóður útlána er myndaður til að mæta áhættu sem fylgir útlánastarfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður sjóður til að mæta hugsanlega töpuðum útlánum. Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

- Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast óbundnar bankainnstæður sjóðsins.

### Eignarhlutir

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði í efnahagsreikningi.

### Sundurliðanir úr efnahagsreikningi

#### 6. Útlán

Útlánum Framleiðnisjóðs er hér skipt í 3 flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða óverðtryggð útlán með vöxtum, í öðru lagi óverðtryggð útlán án vaxta og í þriðja lagi verðtryggð útlán án vaxta.

	Eftirstöðvar 31.12. 2006	Vextir %
<b>6.1</b> Óverðtryggð með vöxtum		
Svínaræktarfélag Íslands.....	12.000.000	5%
Glæðir ehf.....	9.950.000	5%
	<u>21.950.000</u>	
<b>6.2</b> Óverðtryggð án vaxta		
Loðdýrabændur.....	700.000	
	<u>700.000</u>	
<b>6.3</b> Verðtryggð án vaxta		
ORF líftækni ehf.....	<u>6.848.200</u>	
Útlán.....	29.498.200	
Afskriftasjóður útlána.....	( 17.005.617 )	
Útlán alls	<u>12.492.583</u>	

## Skýringar

### 7. Afskriftasjóður

Afskriftasjóðurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi.

Staða 1/1.....	18.796.021
Afskrifað á árinu	( 1.790.404 )
Lagt í afskriftasjóð á árinu.....	0
Staða í árslok 2006	<u>17.005.617</u>

### 8. Innistæður í lánastofnunum

2006

2005

KB banki.....	191.941.482	211.067.273
	<u>191.941.482</u>	<u>211.067.273</u>

### Eigið fé

### 9. Yfirlit um breytingar á eigin fé:

2006

Bókfært eigið fé í ársbyrjun.....	43.465.856
Hagnaður ársins.....	3.656.561
Eigið fé í árslok	<u>47.122.417</u>

### 10. Óhafin framlög

Óhafin framlög í árslok 2006 greinast þannig:

Framlög samþykkt á árinu 2004 og fyrr.....	17.323.000
Framlög samþykkt á árinu 2005.....	50.938.557
Framlög samþykkt á árinu 2006.....	88.556.968
Samtals	<u>156.818.525</u>

### 11. Umsýslufé

Framleiðnisjóði hefur verið falin fjármálaumsýsla tveggja verkefna. Eftirfarandi fjárhæðum var óráðstafað vegna þeirra í árslok 2006.

Aðlögunarsamningur garðyrkju.....	14.203.973
Átaksverkefni nautgriparæktar.....	281.113
Samtals	<u>14.485.086</u>

### 12. Áform markaðsverkefni

Á árunum 2003 til 2005 var ár hvert innifalið í framlagi til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins 25 millj.kr. framlag til markaðsverkefnisins Áform. Frá árinu 2006 fluttist umsýsla verkefnisins til Bændasamtaka Íslands.

## Skýringar

### Sundurliðanir úr rekstrarreikningi

	<b>2006</b>	<b>2005</b>
<b>13. Fræðsla, endurmenntun, ráðgjöf</b>		
Bændanámskeið.....	7.500.000	9.000.000
Styrkir til framhaldsnáms.....	3.250.000	2.250.000
Endurmenntun fagfólks.....	0	1.000.000
Starfsmenntunarstyrkir.....	600.000	1.500.000
Frumkvöðlafræðsla.....	1.270.000	1.180.000
Kynnisferðir .....	0	1.040.000
Ráðstefnur.....	300.000	700.000
Upplýsingatækni í dreifþýli.....	0	6.000.000
Ýmis fræðsla og ráðgjöf.....	1.150.000	1.500.000
	<b>14.070.000</b>	<b>24.170.000</b>
<b>14. Samfjármögnun Rannís</b>		
Samfjármögnun Rannís.....	9.897.000	12.400.000
	<b>9.897.000</b>	<b>12.400.000</b>
<b>15. Þróunarverkefni búgreina</b>		
Nautgriparækt.....	15.550.000	10.872.000
Sauðfjárrækt.....	2.500.000	2.000.000
Svínarækt.....	12.000.000	12.900.000
Alifuglarækt.....	10.000.000	12.000.000
Hrossarækt.....	1.400.000	0
Garðyrkja/garðrækt.....	1.500.000	3.700.000
Loðdýrarækt.....	3.300.000	3.000.000
	<b>46.250.000</b>	<b>44.472.000</b>
<b>16. Önnur rannsóknar- og þróunarverkefni</b>		
Erfða- og líffræðirannsóknir.....	8.400.000	1.200.000
Jarðvegs- og gróðurrannsóknir.....	9.950.000	11.550.000
Beitar- og fóðurrannsóknir.....	750.000	900.000
Rannsóknaraðstaða.....	0	10.600.000
Matvælarannsóknir.....	4.480.000	3.350.000
Umhverfisrannsóknir.....	0	600.000
Fiskirækt og hlunnindanýting.....	1.300.000	3.850.000
Ferðaþjónusta, þróunarverkefni.....	1.900.000	3.390.000
Sauðfjárrækt, önnur verkefni.....	0	2.000.000
Hrossarækt, önnur verkefni.....	0	500.000
Loðdýrarækt, önnur verkefni.....	1.300.000	1.800.000
Ráðgjafar- og gæðastjórnunarverkefni.....	4.985.000	2.050.000
Ýmis rannsókna- og þróunarverkefni.....	3.350.000	5.770.000
	<b>36.415.000</b>	<b>47.560.000</b>

## Skýringar

### **17. Markaðs- og vöruþróun**

	<b>2006</b>	<b>2005</b>
BÍ upplýsinga- og kynningarmál.....	5.250.000	3.380.000
Matur og matarmenning.....	2.500.000	6.000.000
Vegna hrossa og hrossaafurða.....	0	3.750.000
Vegna fiskeldis.....	6.300.000	0
Vegna ferðaþjónustu.....	2.000.000	2.100.000
Vegna sauðfjárafurða.....	0	900.000
Bændamarkaðir og önnur kynningarmál.....	2.500.000	0
Handverk og hönnun.....	3.700.000	3.400.000
	<b>22.250.000</b>	<b>19.530.000</b>

### **18. Afurðastöðvar og önnur fyrirtæki í dreifbýli**

Vegna iðnfyrirtækja.....	500.000	1.700.000
Vegna ferðaþjónustu.....	6.000.000	3.500.000
Vegna annarra fyrirtækja.....	1.500.000	1.250.000
	<b>8.000.000</b>	<b>6.450.000</b>

### **19. Nýsköpun á bújörðum og verkefni á vegum bænda**

Loðdýrarækt.....	0	6.200.000
Ferðaþjónusta.....	23.060.000	30.053.000
Iðnaðarþjónusta.....	2.000.000	1.600.000
Tamningaaðstaða.....	24.280.000	21.680.000
Smávirkjanir og hitaveitur.....	3.650.000	5.500.000
Fiskeldisaðstaða.....	2.000.000	0
Önnur verkefni stofnfrl.....	8.700.000	9.125.000
Handverksaðstaða.....	500.000	2.750.000
Hlunnindaverkefni.....	0	2.600.000
Heimavinnsla/sala afurða.....	2.260.000	2.420.000
Önnur verkefni á vegum bænda.....	13.100.000	3.000.000
	<b>79.550.000</b>	<b>84.928.000</b>

### **20. Fyrnd framlög**

Hér er um að ræða bakfærslu óhafinna framlaga sem samþykkt voru á árunum 2002 og 2004 en hafa ekki verið nýtt að neinu leyti. Samkvæmt verklagsreglum sjóðsins, sem giltu til og með árinu 2002 fyrnast loforð um framlög á fjórum árum. Í byrjun árs 2003 var verklagsreglunni breytt og fyrnast nú loforð um framlög á tveimur árum. Breyttar verklagsreglur leiða til þess að nú fyrnast óhafin loforð tveggja ára, þ.e. áranna 2002 og 2004.

## Skýringar

### 21. Laun og launatengd gjöld

Launakostnaður hækkar um 4,5% milli áranna.

	<b>2006</b>	<b>2005</b>
Stjórnarlaun.....	4.388.976	4.024.080
Laun.....	8.956.745	8.777.497
Launatengd gjöld.....	<u>2.310.120</u>	<u>2.173.813</u>
	<u>15.655.841</u>	<u>14.975.390</u>

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 9,9 millj. kr. á árinu 2005.

### 22. Annar rekstrarkostnaður:

Ferðakostnaður.....	364.219	341.238
Akstur.....	939.382	1.201.950
Síma- og póstkostnaður.....	433.965	385.921
Endurskoðun og gerð ársreiknings.....	348.400	522.900
Prentun, pappír og tölvukostnaður.....	384.883	335.986
Fundakostnaður og auglýsingar.....	673.762	521.847
Húsnæðiskostnaður.....	1.050.488	1.024.143
Ýmis kostnaður.....	<u>10.334</u>	<u>153.240</u>
	<u>4.205.433</u>	<u>4.487.225</u>

### 23. Hlutdeild í rekstrarkostnaði

Umsýsla vegna Áforms markaðsverkefnis.....	<u>150.000</u>	<u>750.000</u>
	<u>150.000</u>	<u>750.000</u>

### 24. Hlutabréf

Á árinu 2003 keypti sjóðurinn hlutabréf í ORF líftækni ehf. Kaupverð var 10 millj. kr. Nafnverð hlutarins er 1 millj. kr. Eignarhluti Framleiðnisjóðs landbúnaðarins er 1,063%.



# **Garðávaxtasjóður**

**Ársreikningur 2006**

## **Efnisyfirlit**

	Bls.
Staðfesting stjórnenda	31
Áritun endurskoðenda	32
Rekstrarreikningur	33
Efnahagsreikningur	34
Skýringar	35

## Staðfesting ársreiknings

Sjóður samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 hefur það verkefni að styrkja stofnræktun garðávaxta, rannsóknir og tilraunir með ræktun og meðferð garðávaxta og vörugrónum á þessu sviði. Sjóðurinn er í vörslu Framleiðnispjóðs landbúnaðarins og annast stjórn hans úthlutun úr sjóðnum samkvæmt ákvæðum reglugerðar er landbúnaðarráðherra setur.

Framleiðnispjóður landbúnaðarins annast daglegan rekstur sjóðsins.

Á árinu var tekjuafgangur af rekstri Garðávaxtasjóðs 3,8 millj. kr. Eignir samtals námu 57,3 millj. kr. í árslok. Skuldir eru engar og eigið fé 57,3 millj. kr. í árslok.

Stjórn og framkvæmdastjóri Framleiðnispjóðs landbúnaðarins staðfesta hér með ársreikning Garðávaxtasjóðs fyrir árið 2006 með undiritun sinni.

Reykjavík, 22. febrúar 2007.

Í stjórn

  
Bjarni Guðmundsson,  
formaður.

  
Gunnar Sæmundsson.

  
Sveinn Ingvarsson

  
Elín Aradóttir.

  
Kjartan Ólafsson.

  
Jón G. Guðbjörnsson,  
framkvæmdastjóri



Guðni Ágústsson,  
landbúnaðarráðherra.

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Garðávaxtaþjóðs

Við höfum endurskoðað ársreikning Garðávaxtaþjóðs samkvæmt 52. gr. laga nr. 46/1985 fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1 - 3. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum sjóðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2006 og efnahag 31. desember 2006, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 22. febrúar 2007.



Sigurður Þórðarson,  
ríkisendurskoðandi.



Sigurgeir Bóasson,

endurskoðandi.

## **Rekstrarreikningur árið 2006**

	Skýr	2006	2005
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Framlög úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins.....	0	1.700.000	
Endurgreidd framlög.....	5 57.000	0	
Vaxtatekjur og verðbætur.....	3 5.958.180	4.012.021	
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>6.015.180</b>	<b>5.712.021</b>	
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Veitt framlög.....	4 2.230.000	3.680.000	
	<b>Rekstrargjöld</b>	<b>2.230.000</b>	<b>3.680.000</b>
Tekjuafgangur		<b>3.785.180</b>	<b>2.032.021</b>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2006

### Eignir

	Skýr	2006	2005
Bankareikningur.....	2	57.338.475	53.783.295
<b>Eignir alls</b>		<b>57.338.475</b>	<b>53.783.295</b>

### Skuldir og eigið fé

#### Skuldir

Óhafin framlög.....	0	230.000
---------------------	---	---------

#### Eigið fé

Eigið fé 1.1.2006.....	53.553.295	51.521.274
Tekjuafgangur ársins.....	3.785.180	2.032.021
	<b>57.338.475</b>	<b>53.553.295</b>
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>57.338.475</b>	<b>53.783.295</b>

# Skýringar

## Reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

- Ársreikningur Garðávaxtasjóðs er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður.

### Handbært fé

- Til handbærs fjár teljast óbundnar bankainnstæður.

### Vaxtatekjur, verðbætur

3. Vaxtatekjur og verðbætur sundurliðast þannig:	2006	2005
Vaxtatekjur.....	2.231.900	1.895.221
Verðbætur.....	3.726.280	2.116.800
	<u>5.958.180</u>	<u>4.012.021</u>

### Veitt framlög

- Veitt framlög sundurliðast þannig:

Stofnrækt kartalna.....	2.000.000	3.450.000
Heibrigðiseftirlit kartöfluútsæðis.....	230.000	230.000
	<u>2.230.000</u>	<u>3.680.000</u>

- Garðávaxtasjóður hefur staðið undir kostnaði af störfum útsæðisnefndar. Með lögum um Landbúnaðarstofnun var nefndin lögð niður og endurgreiddi hún Garðávaxtasjóði eftirstöðvar af starfsfé sínu.